

AUGLÝSING

um staðfestingu á stjórnunar- og verndaráætlun friðlandsins á ströndinni við Stapa og Hellna.

Samkvæmt 3. mgr. 81. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, hefur umhverfis- og auðlinda-ráðherra staðfest stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið á ströndinni við Stapa og Hellna, Snæfellsbæ. Einnig hefur ráðherra staðfest eftirfarandi reglur um dvöl og umferð sem settar hafa verið fram í stjórnunar- og verndaráætluninni í samræmi við 2. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013:

1. gr.

Ekki er heimilt að hafa næturdvöl innan hins friðlýsta svæðis.

2. gr.

Ekki er leyfilegt að lenda þyrlum og flugvélum innan friðlandsins nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Undanskilið banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir og starfsemi Landhelgisgæslunnar, sbr. reglugerð nr. 60/1998 og reglugerð nr. 1185/2012.

3. gr.

Óheimilt er að nota fjarstýrð loftför innan friðlandsins nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Undanskilið banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir, starfsemi Landhelgisgæslunnar, sbr. reglugerð nr. 60/1998 og reglugerð nr. 1158/2012, og þeirra stofnana sem sinna lögbundnum rannsóknum og eftirlitshlutverki með náttúru- og menningarminum.

4. gr.

Leita skal leyfis Umhverfisstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem hafa í för með sér hættu á jarðraski, truflun á dýralífi eða upplifun gesta innan verndarsvæðisins, s.s. vegna kvikmyndagerðar, viðburða og samkomuhalds.

5. gr.

Óheimilt er að fara á hrossum innan friðlandsins á svæðum 2 og 3.

6. gr.

Gæludýr skulu höfð í taumi og höfð undir tryggri stjórn þannig að þau truflfi síður dýralíf og gesti.

7. gr.

Umhverfisstofnun getur takmarkað umferð tímabundið á viðkvæmum svæðum þar sem hætta er á jarðvegsrofi og gróðurskemmdum eða vegna truflunar á fuglalífi.

Stjórnunar- og verndaráætlunin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 18. ágúst 2021.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson.

Sigríður Auður Arnardóttir.